

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 17. júlí 1980

um breytingu á II. viðauka tilskipunar ráðsins 66/401/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja

(80/754/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 79/692/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda ber að breyta II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE af ástæðum sem fram koma hér á eftir.

Rétt er að laga staðla um hámarksmagn fræja af *Rumex spp.* að þeim gæðum sem fræið nær yfirleitt.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunar-efni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE:

1. Yfirskriftin yfir 14. dálki í A-hluta 2. mgr. I. hluta hljóði svo:

„*Rumex spp.*, að undanskildum *Rumex acetosella* og *Rumex maritimus*.“

2. Texti n-liðar B-hluta 2. mgr. I. hluta hljóði svo:

„Ekki þarf að ákvarða fjölda fræja af *Rumex spp.*, að undanskildum *Rumex acetosella* og *Rumex maritimus*, nema vafi leiki á því hvort skilyrðin í 14. dálki hafi verið uppfyllt.“

3. Yfirskriftin yfir 4. dálki í A-hluta 2. mgr. II. hluta hljóði svo:

„*Rumex spp.*, að undanskildum *Rumex acetosella* og *Rumex maritimus*.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en júlí 1980, samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að engar markaðshindranir verði settar á fódurjurtafræ af þeirri ástæðu að þessi tilskipun komi til framkvæmda á mismunandi tíma.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júlí 1980.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Finn GUNDELACH

varaforseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 1.